

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Ársreikningur 2007

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	2 - 3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjárfirlit	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar og sundurliðanir	9 - 24

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.
Kennitala: 580407-1100
Borgartún 30, Pósthólf 8100, 128 Reykjavík

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Breytt rekstrarform

Í desember 2006 voru samþykkt á Alþingi lög um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga. Má félagið eingöngu vera í eigu íslenskra sveitarfélaga eða fyrirtækja að fullu í þeirra eigu og eru eignarhlutir einstakra sveitarfélaga skilgreindir í lögnum. Stofnfundur félagsins var haldinn 23. mars 2007 þar sem meðal annars var samþykkt að nafnverð hlutafjár skyldi vera 5.000 m.kr. Að fengnu starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu yfirtók Lánasjóður sveitarfélaga ohf. rekstur Lánasjóðs sveitarfélaga sem þar með var lagður niður. Hluthafar í félaginu eru öll sveitarfélögin, 79 talsins. Reykjavíkurborg er stærst þeirra með 17,5% hlut og hefur fengið leyfi Fjármálaeftirlitsins til að fara með virkan eignarhlut í félaginu.

Með breyttu félagsformi er ársreikningurinn nú lagður fram samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Lánveitingar og lántökur

Samþykkt langtímalán námu 4.609 m.kr. á árinu, en útborguð langtímalán 4.047 m.kr. miðað við 9.099 m.kr. árið áður. Aðstæður til töku verðtryggðra og gengistryggðra langtímalána voru að mörgu leyti óhagstæðar á árinu, vextir háir og gengi krónunnar tiltölulega hátt. Þess í stað kusu margir lántakendur að fjármagna sig til skamms tíma og fresta þannig langtímalántökum. Skammtímalánveitingar sjóðsins námu 5.840 m.kr. á árinu. Engin vanskil voru hjá sjóðnum í árslok. Sjóðurinn hefur aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi árið 1967 og hefur því engan afskriftareikning útlána í bókum sínum. Sjóðurinn hefur veð í tekjum sveitarfélaga sem tryggingu fyrir lánnum sem þau taka og ábyrgðum sem þau veita. Ekki þurfti að grípa til veðs í tekjum á árinu.

Lán þau sem sjóðurinn veitir af eigin fé sínu eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs og eru uppgreiðanleg. Vextir þeirra eru breytilegir og voru hækkaðir 1. febrúar úr 4,40% í 4,95% og aftur 1. september í 5,95% í samræmi við þróun á vaxtamarkaði. Endurlán eru með sömu grunnkjörum og lántökurnar að viðbættu vaxtaálagi til að standa undir rekstrarkostnaði. Lánasjóðurinn er því ekki með teljandi gjaldeyris- eða vaxtaáhættu í rekstri sínum. Lántökur á árinu voru samtals 6.855 m.kr. og voru 4.179 m.kr. þar af í erlendum gjaldmiðlum eða 61%.

Afkoma og efnahagur

Hagnaður ársins nam 1.219 m.kr. á móti 1.195 m.kr. árið áður. Vextir á markaði héldust háir allt árið og var ávöxtun á veltufjáreignum sjóðsins því með ágætum. Lánasjóðurinn hefur einn fastan starfsmann, en hefur að öðru leyti samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga um skrifstofuhald. Hefur samstarfið reynst honum hagkvæmt.

Niðurstaða efnahagsreiknings í árslok 2007 nam 41,7 ma.kr. á móti 34,0 ma.kr. árið áður. Mestu munar um aukningu útlána um 24% en þau voru 39,3 ma. kr. í árslok. Eigið fé nam 10,0 ma.kr. á mót 8,9 ma.kr. árið áður og hefur hækkað um 13,8% á árinu.

Stjórnin leggur til að ekki verði greiddur arður vegna rekstrarársins 2007, en að útborgun á eiginfjárluta á árinu 2008 verði í samræmi við samþykkt ársfundar lánasjóðsins 23. mars 2007. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur félagsins saminn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006 og gefa þeir að mati stjórnar glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins vegna ársins 2007

Samkvæmt mati stjórnar felst í ársreikningi og skýrslu stjórnar glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess á árinu 2007 ásamt því að gerð er grein fyrir helstu áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. mars 2008

Magnús B. Jónsson
stjórnarformaður

Svanfríður Inga Jónasdóttir

Kristinn Jónasson

Páley Borgþórsdóttir

Anna Skúladóttir

Þorsteinn Þorsteinsson
framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, efnahag þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga.

Reykjavík, 27. mars 2008

PricewaterhouseCoopers hf

Sigrún Guðmundsdóttir

Sigurður B. Arnþórsson

Rekstrarreikningur ársins 2007

	Skýr.	2007	2006
Vaxtatekjur		3.378.805.797	2.650.414.040
Vaxtagjöld		<u>(1.993.546.983)</u>	<u>(1.512.352.059)</u>
Hreinar vaxtatekjur	5	1.385.258.814	1.138.061.981
Gjöld vegna veltufjáreigna	6	(446.281.319)	(24.675.345)
Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindar á gangvirði	7	143.857.861	135.716.511
Hreinn gjaldeyrismunur	8	<u>205.898.045</u>	<u>9.432.630</u>
Aðrar rekstrartekjur		(96.525.413)	120.473.796
Hreinar rekstrartekjur		1.288.733.401	1.258.535.777
Laun og launatengd gjöld	9	25.835.854	28.103.797
Annar rekstrarkostnaður	11	42.429.487	34.431.651
Afskriftir	18	<u>1.195.628</u>	<u>1.195.627</u>
Almennur rekstrarkostnaður		69.460.969	63.731.075
Hagnaður ársins		<u><u>1.219.272.432</u></u>	<u><u>1.194.804.702</u></u>
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	12	0,24	-

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

	Skýr.	2007	2006
Eignir			
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	13	105.097.908	0
Kröfur á lánastofnanir	14	988.949.057	1.028.782.960
Útlán og kröfur	15	39.267.226.724	31.691.855.064
Veltufjáreign - afleiður	16	97.997.275	0
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	17	1.213.839.461	1.188.998.702
Rekstrarfjármunir	18	54.998.863	56.194.491
Aðrar eignir		5.140.905	791.242
Eignir samtals		<u>41.733.250.193</u>	<u>33.966.622.459</u>
Skuldir			
Verðbréfaútgáfa	19	18.941.497.745	13.711.039.141
Aðrar lántökur	20	10.313.345.837	8.245.604.050
Veltufjárskuld - afleiður	16	128.225.438	136.796.238
Skuld við sveitarfélög	21	2.250.000.000	3.000.000.000
Aðrar skuldir	22	5.629.437	1.102.453
Lífeyrisskuldbinding	23	46.540.415	43.341.688
Skuldir samtals		<u>31.685.238.872</u>	<u>25.137.883.570</u>
Eigið fé			
Hlutfé		5.000.000.000	0
Lögbundinn varasjóður		1.250.000.000	0
Óráðstafað eigið fé		3.798.011.321	8.828.738.889
Eigið fé samtals	24	<u>10.048.011.321</u>	<u>8.828.738.889</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u><u>41.733.250.193</u></u>	<u><u>33.966.622.459</u></u>

Eiginfjárfirlit fyrir árið 2007

	Hlutfé	Varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Breytingar á eigin fé 2006				
Eigið fé 1. janúar 2006	0	0	10.670.213.191	10.670.213.191
- breyting vegna IFRS			(36.279.004)	(36.279.004)
Leiðrétt staða 1. janúar 2006	0	0	10.633.934.187	10.633.934.187
Niðurfærsla eigin fjár			(3.000.000.000)	(3.000.000.000)
Hagnaður ársins			1.194.804.702	1.194.804.702
Eigið fé 31. desember 2006	0	0	8.828.738.889	8.828.738.889
Breytingar á eigin fé 2007				
Eigið fé 1. janúar 2007	0	0	8.828.738.889	8.828.738.889
Hlutfé, breyting í ohf.	5.000.000.000		(5.000.000.000)	0
Lagt í varasjóð		1.250.000.000	(1.250.000.000)	0
Hagnaður ársins			1.219.272.432	1.219.272.432
Eigið fé 31. desember 2007	5.000.000.000	1.250.000.000	3.798.011.321	10.048.011.321

Sjóðstreymi ársins 2007

	Skýr.	2007	2006
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		1.219.272.432	1.188.708.306
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		1.195.628	1.195.627
Verðbætur og gjaldeyrismunur		(847.629.449)	(732.118.309)
Lífeyrisskuldbinding, breyting		3.198.727	7.156.688
Söluhagnaður verðbréfa		0	(57.452.500)
Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga		716.934.425	(26.212.096)
Aðrar eignir, lækkun (hækkun)		(4.349.663)	11.917
Aðrar skuldir, hækkun (lækkun)		4.526.984	(2.161.956)
Handbært fé frá rekstri		<u>1.093.149.084</u>	<u>379.127.677</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Kröfur á lánastofnanir, breyting		(69.479.045)	(1.654.264)
Útlán, breyting		(6.359.017.817)	(7.140.314.381)
Fjáreignir á gangvirði, breyting		(24.840.759)	(1.124.032.339)
		<u>(6.453.337.621)</u>	<u>(8.266.000.984)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Lántaka, breytingar		6.926.779.372	7.584.734.742
Greiðsla vegna afleiðusamninga		(823.502.500)	0
Greiðsla til sveitarfélaga		(750.000.000)	0
		<u>5.353.276.872</u>	<u>7.584.734.742</u>
Lækkun á handbæru fé		(6.911.665)	(302.138.565)
Handbært fé í ársbyrjun		84.443.917	386.582.482
Handbært fé í lok árs		<u>77.532.252</u>	<u>84.443.917</u>
Fengingar			
Fengnir vextir		1.267.111.376	1.285.754.476
Greiddir vextir		(959.951.264)	(730.134.644)
Greiddir skattar		0	0

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er opinbert hlutafélag í eigu 79 íslenskra sveitarfélaga. Lánasjóðurinn er lánafyrirtæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálafyrirtæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Meginhlutverk lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast þó við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Lánasjóður sveitarfélaga er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur sjóðsins er að Borgartúni 30, Reykjavík.

Lánasjóðurinn hefur gefið út skuldabréf sem eru skráð í OMX Nordic Exchange.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. samþykkti ársreikning sjóðsins þann 27. mars 2008.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessa ársreiknings eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á öll tímabilin sem birt eru í reikningsskilunum, nema annað sé tekið fram.

2.1 Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn fylgir IFRS staðli 1, *Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*, þar sem þetta er í fyrsta sinn sem ársreikningur sjóðsins er gerður eftir þessum stöðlum.

Á árinu 2006 og fyrri árum voru reikningsskil sjóðsins gerð í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur fjármálafyrirtækja. Reikningsskila- og matsaðferðir samkvæmt fyrri reglum eru í sumum atriðum frábrugnar aðferðum samkvæmt IFRS. Samanburðarfrárhæðum vegna ársins 2006 hefur verið breytt vegna þessa, nema þar sem annað er sérstaklega tekið fram.

Í skýringu nr. 26 er sérstaklega greint frá áhrifum af upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla á eigið fé og afkomu.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að afleiðusamningar og skammtímaverðbréf eru færð á gangvirði.

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notaðar séu tiltekna aðferðir við reikningshaldslegt mat. Stjórnendur sjóðsins þurfa jafnframt að ákvarða notkun tiltekinn reikningsskilaaðferða. Sérstaklega er greint frá þessum aðferðum í skýringu nr. 3.

Reikningsskilareglur sem samþykktar hafa verið af Evrópusambandinu víkja frá alþjóðlegum reikningsskilastöðlum á nokkrum sviðum sem tengjast starfsemi sjóðsins:

Staðlar og endurbætur sem ekki hafa verið samþykktar af Evrópusambandinu

IAS 23 (Viðauki), *Lántökukostnaður* (gildir frá 1. janúar 2009). Þar er kveðið á um að lántökukostnaður skuli eignfærður sem hluti af kostnaði við eignamyndun ef hann tengist beint kaupum, framkvæmdum eða myndun eignar sem uppfyllir tiltekin skilyrði (eign sem tekur verulegan tíma að koma í nothæft eða söluhæft ástand.) Ekki verður heimilt að gjaldfæra slíkan kostnað. Þessi viðauki hefur ekki tekið gildi og hefur ekki verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ef við á mun sjóðurinn mun fara eftir þessum staðli um leið og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Túlkningar við gildandi staðla sem ekki hafa verið samþykktar af Evrópusambandinu

IFRIC 12, *Samningar um þjónustuúvilnun* (gildir frá 1. janúar 2008)

IFRIC 13, *Tryggðarkerfi* (gildir frá 1. júlí 2008)

IFRIC 14 IAS 19, *Takmörkun á réttindatengdum eignum, ákvæði um lágmarksfjármögnun og samspil þeirra* (gildir frá 1. janúar 2008)

Skýringar

Staðlar og endurbætur sem samþykktar hafa verið af Evrópusambandinu og tóku gildi 2007

IFRS staðall 7, *Fjármálagerningar: skýringar*, og viðauki til skýringar á IAS staðli 1, *Framsetning reikningskila - eiginfjárfirlit*, setja fram nýjar reglur um skýringar til þess að bæta upplýsingar um fjármálagerninga. Þar er meðal annars gert ráð fyrir upplýsingum um hversu veruleg áhættustaða sé og um aðferðir við áhættustýringu. Þessar nýju skýringar veita upplýsingar um umfang áhættu byggt á innri upplýsingum lykilstjórnenda. Gert er ráð fyrir að skýringar séu greinargóður og veiti upplýsingar um umfang útlánaáhættu, lausafjárhættu og markaðsáhættu. Staðallinn kemur í stað IAS 30, *Skýringar í ársreikningi banka og fjármálafyrirtækja* og einnig í stað nokkurra ákvæða um skýringar í IAS 32, *Fjármálagerningar, skýringar og framsetning*. Viðbótin við IAS 1 setti fram skýringar þar sem fram komi upplýsingar um eiginfjárlutfall og eiginfjárstýringu.

Þessir staðlar hafa veruleg áhrif á flokkun og skýringar á fjármálagerningum sjóðsins og hafa verið innleiddir í reikningsskilareglur sjóðsins.

2.2 Starfspáttayfirlit

Starfspáttur tekur til eigna og starfsemi þar sem áhætta og arðsemi er ólík því sem gildir um aðra starfspætti. Vegna eðli starfsemi Lánasjóðsins skiptist starfsemi hans í einungis einn starfspátt.

2.3 Umreikningur á erlendum gjaldmiðlum

(a) Starfsrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er bæði starfsrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill sjóðsins.

(b) Viðskipti og stöður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í starfsrækslugjaldmiðil á því gengi sem er í gildi á viðskiptadeginum. Hagnaður eða tap, sem stafa af uppgjöri slíkra viskipta og af umreikningi eða gengi peningalegra eigna og skulda í erlendri mynt í lok ársins, eru færð í rekstrarreikning.

2.4 Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta fyrir alla vaxtaberandi fjármálagerninga nema þá sem tilgreindir hafa verið á gangvirði.

Aðferð virkra vaxta byggist á því að reiknað er upphaflegt bókfært verð fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum eða vaxtagjöldum dreift á viðeigandi tímabil. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignar eða fjárskuldar í efnahagsreikningi. Þegar hlutfall virkra vaxta er reiknað áætlað sjóðurinn sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagernings en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni. Útreikningurinn tekur til allra gjalda og greiðslna á milli aðila að samningnum, sem eru hluti af hlutfalli virkra vaxta sem og viðskiptakostnaði, yfirverði og afsláttum.

Þegar fjáreignir eða söfn sambærilegra fjáreigna hafa verið færðar niður vegna virðisrýrnunar eru vaxtatekjur færðar með sömu ávöxtunarkröfu og notuð var til að núvirða virðisrýrnunartapið.

2.5 Afleiður

Afleiður eru upphaflega færðar á gangvirði á þeim degi sem afleiðusamningurinn er gerður og eftir það á gangvirði hverju sinni. Gangvirði miðast við markaðsverð á virkum mörkuðum og tekur tillit til nýlegra markaðsviðskipta og viðurkenndra matsaðferða, sem meðal annars eru áfvöxtuð sjóðsflæðislíkön og virðislíkön valréttarsamninga eftir því sem við á. Staða allra afleiðusamninga er færð til eignar þegar gangvirði er jákvætt og til skuldar þegar það er neikvætt.

Besti mælikvarðinn um gangvirði afleiðu við upphaflega færslu er viðskiptaverðið (þ.e. gangvirði endurgjaldsins sem reitt er af hendi eða móttækid) nema að gangvirði gerningsins miðist við verð sambærilegra viðskipta með svipaða gerninga. Einnig getur gangvirði miðast við eða verið reiknað á grunni virðislíkana.

Skýringar

Innbyggðar afleiður, sem geta falist í ýmsum fjármálagerningum, eru aðskildar og færðar sérstaklega þegar hagræn einkenni þeirra og áhætta eru ekki nátengd móðurgerningnum og hann er ekki tilgreindur á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi. Þessar innbyggðu afleiður eru færðar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi.

Afleiðugerningar sjóðsins uppfylla ekki skilyrði um áhættuvarnarreikningsskil og eru sýndir í efnahagsreikningi sem markaðsafleiður meðal eigna og skulda. Breytingar á gangvirði þeirra eru færðar í rekstrarreikning undir liðnum hreinar tekjur af afleiðusamningum.

2.6 Fjáreignir

Lánasjóðurinn skipar fjáreignum sínum í eftirfarandi flokka: veltufjáreignir, fjáreignir tilgreindar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi, útlán og kröfur. Flokkun fjárfestinga er ákvörðuð við upphaflega færslu í reikningsskilin.

(a) Veltufjáreignir

Fjáreign er færð í þennan flokk ef megin tilgangurinn er að selja eignina innan skamms tíma. Afleiður eru einnig flokkaðar sem veltufjáreignir nema þær séu skilgreindar sem áhættuvörn.

(b) Fjáreignir tilgreindar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi

Fjáreignir eru færðar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi þegar:

- Vissar fjárfestingar eru færðar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi sem farið er með og þær metnar á gangvirði í samræmi við skráða áhættustýringu eða fjárfestingastefnu.
- Fjármálagerningar, svo sem skuldabréf í eigu sjóðsins, innihalda innbyggðar afleiður og breyta verulega sjóðsflæði.
- Fjáreignir sem liggja til grundvallar samningum um fjárfestingu og tengjast skuldum með sjóðsflæði sem er í samningsbundnum tengslum við afrakstur eignanna.

Slíkar fjáreignir eru færðar á gangvirði og breytingar á þeim færðar í rekstrarreikningi. Ekki er mögulegt að breyta síðar flokkun þeirra fjáreigna sem hafa verið settar í þennan flokk eftir upphaflega færslu.

(c) Útlán og kröfur

Útlán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða skilgreindum gjalddögum og eru ekki skráðar á virkum markaði. Til þeirra stofnast þegar sjóðurinn greiðir fjármuni beint til skuldara án þess að til standi að selja kröfuna.

Útlán og kröfur eru bókfærðar á kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði útlána og krafna.

2.7 Virðisrýrnun útlána og krafna

Við hver reikningsskil metur lánasjóðurinn hvort hlutlæg merki séu um að virði útláns eða safns útlána hafi rýrnað. Útlán eða safn útlána hefur rýrnað og tap vegna virðisrýrnunar orðið til ef til eru hlutlæg merki um virðisrýrnun. Þetta á við vegna eins eða fleiri atvika sem urðu eftir upphaflega tilurð eignarinnar og að það tapsatvik (eitt eða fleiri) hafi áhrif á áætlað sjóðstreymi útlánsins eða útlánasafnsins sem hægt er að áætla með ábyggilegum hætti.

Samkvæmt samþykktum lánasjóðsins er honum eingöngu heimilt að lána sveitarfélögum eða stofnunum þeirra og fyrirtækjum fé til verkefna sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Skilyrði fyrir því að Lánasjóðurinn veiti lán til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu að öllu leyti í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart Lánasjóðnum.

Þá er sveitarfélögum heimilt skv. 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 að setja tekjur sínar að veði sem tryggingu fyrir lánum sem það tekur eða fyrir ábyrgðum sem það veitir Lánasjóðnum, sbr. einnig reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags nr. 123/2006. Stefna Lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs sem tryggingar fyrir lánum.

Skýringar

Lánasjóðurinn hefur aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi árið 1967 og hefur því engan afskriftareikning útlána í bókum sínum.

2.8 Fjármálagerningar þar sem samjöfnun er beitt

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettófjárhæðin færð í efnahagsreikninginn þegar fyrir liggur hvort tveggja lagalegur réttur til að jafna saman og ætlunin er að gera gerningana upp samtímis á nettógrunni.

2.9 Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Upphaflegt kostnaðarverð felur í sér kostnað sem rekja má beint til kaupa á þessum eignum.

Kostnaður sem fellur til eftir upphafleg kaup er einungis eignfærður þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur í framtíðinni muni renna til sjóðsins og unnt er að meta kostnaðarverðið með öruggum hætti. Viðhald og viðgerðir eru gjaldfærð í rekstrarreikning á því tímabili sem til þeirra er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar með beinlínuaðferð til að dreifa kostnaði þeirra að frádregnu niðurlagsverði á nýtingartíma þeirra með eftirfarandi hætti:

Húseignir 50 ár

Niðurlagsverð eigna og nýtingartími er endurskoðað á hverju tímabili og leiðrétt ef það á við. Fyrnanlegar eignir eru skoðaðar með tilliti til virðisrýrnunar í hvert sinn sem atvik eða breyttar aðstæður benda til þess að bókfært verð kunni að vera lægra en áætlað endurheimtanlegt virði. Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði eignar að frádregnum sölukostnaði eða notkunarvirði hvort sem hærra er. Bókfært verð eignar er afskrifað niður í endurheimtanlegt virði ef bókfært verð hennar er hærra.

Söluhagnaður eða -tap af rekstrarfjármunum er mismunur á söluverði fjármunar og bókfærðu verði hans á söluþegi. Söluhagnaður og -tap er fært í rekstrarreikning.

2.10 Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður, óbundnar innstæður í Seðlabanka og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

2.11 Lífeyrisskuldbinding

Á lánasjóðnum og samstarfsstofnunum hvílir lífeyrisskuldbinding vegna þeirra starfsmanna sem hafa átt og eiga aðild að B-deild LSR. Skuldbinding Lánasjóðsins er færð til skuldar í efnahagsreikningi í samræmi við útreikning tryggingastærðfræðings. Útreikningur miðar við sömu tryggingarfræðilegu forsendur og notaðar eru við úttekt á B-deild LSR, þar á meðal 2% reiknivexti og lífslíkur skv. reynslu árána 2001-2005.

2.12 Lántökur

Lántökur eru upphaflega færðar á gangvirði, sem er fjárhæð lánsins við útgáfu að frádregnum lántökukostnaði. Eftir það eru lán færð á upphaflegu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

2.13 Hlutfé

Í desember 2006 voru samþykkt á Alþingi lög um stofnun opinbers hlutfélags um Lánasjóð sveitarfélaga. Á stofnundi félagsins var samþykkt að nafnverð hlutfjár skyldi verða 5.000 milljónir króna. Félagið er í eigu 79 íslenskra sveitarfélaga og eru eignarhlutir einstakra sveitarfélaga skilgreindir í lögum nr. 150/2006.

Skýringar

2.14 Samanburðartölur

Þar sem nauðsynlegt er hafa samanburðartölur verið lagfærðar til samræmis við breytta framsetningu á rekstrarárinu.

2.15 Skattamál

Samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt er lánasjóðurinn undanþeginn greiðslu tekjuskatts.

Samkvæmt lögum nr. 94/1996 um fjármagnstekjuskatt er lánasjóðurinn undanþeginn slíkum skatti.

3. Mikilvæg atriði sem varða reikningshaldslegt mat

Skráning eigna og skulda með tilliti til næsta reikningsárs er byggð á mati stjórnenda sjóðsins. Stöðugt er farið yfir slíkt mat með hliðsjón af reynslu og öðrum þáttum svo sem framtíðarvæntingum sem taldar eru eðlilegar miðað við aðstæður. Slíkt reikningshaldslegt mat er í eðli sínu sjaldan í samræmi við raunverulega niðurstöðu.

Veruleg hætta er á því að matsaðferðir geti valdið verulegri breytingu á bókfærðri fjárhæð eigna og skulda innan næsta fjárhagsárs. Sem dæmi um það er mat á gangvirði fjármálagerninga. Gangvirði fjármálagerninga sem ekki eru skráðir á virkum markaði er ákvarðað með ýmsum viðurkenndum matsaðferðum. Matsaðferðir (líkön) eru prófaðar og yfirfarnar reglulega af hæfum og/eða óháðum aðila þegar þær eru notaðar til að ákvarða gangvirði.

4. Áhættustýring

4.1 Almenn stefna

Sem lánafyrirtæki stendur lánasjóðurinn í rekstri sínum frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Eitt af meginverkefnum stjórnenda hans er að meta þá áhættu, stýra henni og halda innan fyrirfram skilgreindra marka. Þættir í skilvirkri áhættustjórnun eru greining helstu áhættuþátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og reglubundið eftirlit. Markmið áhættustýringar lánasjóðsins er að greina alla helstu áhættuþætti sem fylgja starfsemi hans, innleiða aðferðir til að fylgjast með þeim, meta þá reglulega, viðhalda eftirliti og reglum til að halda viðkomandi áhættuþáttum innan skilgreindra viðmiða.

Stjórn lánasjóðsins setur reglur um áhættustýringu hans og ber ábyrgð á því gagnvart eigendum að þeim sé framfylgt. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu lánasjóðsins gagnvart stjórninni. Hann gerir tillögur til stjórnar um nánari reglur um hana, skilgreinir áhættuviðmið eftir því sem þörf krefur og hefur eftirlit með því að reglunum sé framfylgt.

Þá ræður stjórnin innri endurskoðanda í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins. Hlutverk hans er að fylgjast með starfseminni til að tryggja að reglum sé framfylgt í samræmi við samþykktir stjórnarinnar. Stefna lánasjóðsins er að ytri endurskoðandi og innri endurskoðandi séu ekki sami aðilinn.

